



**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLEUSKRA  
SVEITARFÉLAGA

(<http://www.sass.is>)



SÓKNARÁÆTLUN ([HTTP://WWW.SASS.IS/SOKNARAAETLUN-SUDURLANDS/](http://www.sass.is/soknaraetlun-sudurlands/))



SVEITARFÉLÖGIN ([HTTP://WWW.SASS.IS/SVEITARFELOGIN/](http://www.sass.is/sveitarfelogin/))



FUNDARGERÐIR ([HTTP://WWW.SASS.IS/FUNDARGERDIR/](http://www.sass.is/fundargerdir/))



UM SASS ([HTTP://WWW.SASS.IS/UMSASS/](http://www.sass.is/umsass/))

## 529. FUNDUR STJÓRNAR SASS

(<http://www.sass.is/529-fundur-stjornar-sass/>)

📅 9. February 2018

# SAMTÖK SUNNLEUSKRA SVEITARFÉLAGA

## 529. fundur stjórnar SASS

**Haldinn að Austurvegi 56, Selfossi**

2. febrúar 2018, kl. 12:00-15:00

**Mætt:** Gunnar Þorgeirsson formaður, Unnur Þormóðsdóttir, Eva Björk Harðardóttir, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Anna Björg Níelsdóttir og Eggert Valur Guðmundsson. Sæmundur Helgason tengdist fundinum með fjarfundabúnaði. Páll Marvin Jónsson og Lilja Einarsdóttir forfölluðust. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fund stjórnar.

### 1. Fundargerð

Fundargerð 528. fundar undirrituð.

## 2. Brú lífeyrissjóður – uppgjör vegna breytinga á A deild

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu tölvupóst sem framkvæmdastjóri sendi sveitarstjórum á Suðurlandi 25. janúar sl. Í póstinum eru teknar saman upplýsingar um lífeyrisskuldbindingar vegna A deildar Brúar lífeyrissjóðs fyrir eftirtaldar stofnanir: SASS, Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, Menningarráðs Suðurlands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Skólaskrifstofu Suðurlands og hvernig skuldbindingarnar skiptast á sveitarfélögin. Í póstinum var lagt til að hvert sveitarfélagi gerði upp við samtökin og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Í framhaldi gerðu SASS og HES síðan upp við lífeyrissjóðinn.

Stjórn SASS gerir athugasemd við að greiða þurfi sérstakt framlag í varúðarsjóð sem er ætlað að standa til vara að baki lífeyrisaukasjóðnum. Betra hefði verið að kalla eftir framlögum frá sveitarfélögum þegar þar að kæmi þar sem með öllu er óvíst að greiða þurfi úr sjóðnum á komandi árum.

Stjórn SASS staðfestir uppgjör samkvæmt framangreindu og felur framkvæmdastjóra að ganga frá greiðslu til lífeyrissjóðsins.

## 3. Umsagnarbeiðni frá Alþingi

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu ríkisins fyrir árin 2018-2022, 2. mál.

Þingskjal: <http://www.althingi.is/altext/148/s/0002.html> (<http://www.althingi.is/altext/148/s/0002.html>)

Lagt fram til kynningar.

## 4. Fjármálaáætlun ríkisins

Á komandi mánuðum verður fjármálaáætlun ríkisins til næstu fimm ára lögð fram á Alþingi. Samtöl við sveitarstjórnarstigið færast frammar á árið í tengslum við umfjöllun um fjármálaáætlun á vorþingi. Samráð við mótun fjármálastefnu og fjármálaáætlunar, skal samkvæmt lögnum fela í sér eftirfarandi þætti:

- Markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga til fimm ára
- Ráðstafanir til að tryggja að markmið um afkomu náist
- Fjármögnun opinberrar þjónustu og tekjur sveitarfélaga
- Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

Í ljósi framangreinds er nauðsynlegt að fara yfir stöðu helstu innviða á Suðurlandi og hvernig fjárveitingum ríkisins til verkefna þeim tengdum hefur verið háttað í landshlutanum. Stjórn felur framkvæmdastjóra að hefja kortlagningu málaflokksins með ráðgjöfum.

## 5. Önnur mál til kynningar og umræðu

### 6. Fundargerð annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar, fundargerð FV frá 18. janúar sl., fundargerð SSA frá 22. janúar sl. og fundargerð stjórnar Sambandsins frá 26. janúar sl.

#### a. Almenningsamgöngur

Formaður sagði frá fundi sem nýlega var haldinn með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra en þar var m.a. rætt um miklvægi almenningsamgangna í byggðapróun. Ráðherra tók undir það sjónarmið og vitnaði til þess að í stjórnarsáttmálanum er tekið fram að áfram þurfi að byggja upp almenningsamgöngur um land allt.

Framkvæmdastjóri lagði fram og fór yfir minnisblað um rekstur almenningsamgangna á liðnu ári. Þriðja árið í röð er tap af rekstri almenningsamgangna á Suðurlandi er það skv. óendurskoðuðu uppgjóri tæplega 22 m.kr.

Farþegar voru árið 2016 tæplega 155 þús. og á liðnu ári um 148 þús. þeim fækkaði því á milli ára um ríflega 4%.

*b. Skipan í nefndir á vegum SASS*

Formaður kynnti málið en hugmyndir eru um að stjórn skipi nefndir um ákveðna málaflokka. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

*c. Vatnajökulsþjóðgarður*

Lagðar fram til kynningar, fundargerðir frá stjórnarfundum Vatnajökulsþjóðgarðs 22. og 30. janúar sl.

*d. Kjördæmavika Alþingis*

Kjördæmavika þingmanna er 12. – 16. febrúar nk. Ekki verður um formlega fundi að ræða en þingmenn munu heimsækja sveitarstjórnarmenn heima í héraði.

*e. Endurnýjun á samningi milli SASS og Byggðastofnunar um atvinnu- og byggðaðróun*

Nýr samningur á milli SASS og Byggðastofnunar um atvinnu- og byggðaðróun var lagður fram til kynningar. Samningurinn er til fimm ára og tekur við af eldri samningi sem gerður var árið 2013.

*g. Hugmyndasamkeppni um nýtingu á varmaorku á Suðurlandi*

SASS, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Orka náttúrunnar hafa undirritað samstarfssamning um að efna til hugmyndasamkeppni um nýtingu á varmaorku á Suðurlandi. Tilgangur samkeppninnar er að fá fram hugmyndir um nýtingu varmaorku sem ekki er nýtt í dag á Suðurlandi, með það að markmiði að nýta betur verðmætin sem eru í orkunni, auka fjölbreytni í atvinnulífi með umhverfismál að leiðarljósi og vinna að nýsköpun í orkutengdri starfsemi.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn á Selfossi föstudaginn 2. mars nk. kl. 12:00-15:00.

Fundi slitið kl. 15:15.

Gunnar Þorgeirsson

Unnur Þormóðsdóttir

Eva Björk Harðardóttir

Sandra Dís Hafþórsdóttir

Sæmundur Helgason

Anna Björg Níelsdóttir


Eggert Valur Guðmundsson

Bjarni Guðmundsson

---

Like Sign Up to see what your friends like.

Tweet 

 ([http://pinterest.com/pin/create/button/?url=http://www.sass.is/529-fundur-stjornar-sass/&media=http://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2017/08/sass\\_svalt2.png](http://pinterest.com/pin/create/button/?url=http://www.sass.is/529-fundur-stjornar-sass/&media=http://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2017/08/sass_svalt2.png))

Öflugur samstarfs- og þjónustuvettvangur um hagsmunamál sveitarfélaga, íbúa og atvinnulífs á Suðurlandi. Megin starfsemi SASS felst í hagsmunagæslu fyrir íbúa og sveitarfélög á Suðurlandi. Önnur hlutverk tengjast flest samningum og framlögum frá hinu opinbera. Á grundvelli slíkra samninga veitir SASS m.a. ráðgjöf, styrki og aðra þjónustu til handa atvinnu- og menningarlífi á Suðurlandi.

## NÝJUSTU FÆRSLURNAR

---

Hugmyndasamkeppni um nýtingu varmaorku á Suðurlandi (<http://www.sass.is/hugmyndasamkeppni-um-nytingu-varmaorku-a-sudurlandi/>)

529. fundur stjórnar SASS (<http://www.sass.is/529-fundur-stjornar-sass/>)

Óskað eftir tillögum til Landstólþans 2018 (<http://www.sass.is/oskad-efrir-tillogum-til-landstolþans-2018/>)

528. fundur stjórnar SASS (<http://www.sass.is/528-fundur-stjornar-sass/>)

Skýrsla og fyrirlestrar vegna ráðstefnunnar "Sjálfbært Suðurland – úrgangsmál" (<http://www.sass.is/sjalfbaert-sudurland-urgangsmal/>)

## NÝJUSTU FUNDARGERÐIR

---



(<http://www.sass.is/529-fundur-stjornar-sass/>)

529. fundur stjórnar SASS  
(<http://www.sass.is/529-fundur-stjornar-sass/>)  
9. February 2018



(<http://www.sass.is/528-fundur-stjornar-sass/>)

528. fundur stjórnar SASS  
(<http://www.sass.is/528-fundur-stjornar-sass/>)  
31. January 2018



(<http://www.sass.is/526-fundur-stjornar-sass-2/>)

527. fundur stjórnar SASS  
(<http://www.sass.is/526-fundur-stjornar-sass-2/>)  
12. January 2018

## SASS Á FACEBOOK

---

Like 83 people like this. Sign Up to see what your friends like.